

ENDANLEGIR SKILMÁLAR

19. nóvember 2020

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Útgáfa á ISK 2.365.000.000 í skuldabréfaflokknum LSS150434

Þessir endanlegu skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 30. júlí, 2020, skv. 8., 16. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst í samræmi við 8. gr. ofangreindrar reglugerðar og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útboði á skuldabréfunum fer einungis fram á Íslandi og hafa tilkynningar sem varða skuldabréfin einungis verið birtar á Íslandi.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dagsettri 30. júlí, 2020. Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu Lánasjóðsins <https://www.lanasiodur.is/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfin með því að lesa saman, mögulega viðauka við hana og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu skuldabréfanna er að finna í hluta II af endanlegum skilmálum þessum.

Greinar eru tölusettar í þessum endanlegu skilmálum og vísa í greinar um skilmála bréfanna í kafla 7 í grunnlýsingunni.

Hluti I: Endanlegir skilmálar

Grein 1 Nafnverðseiningar, heildarheimild, útgáfudagur og gjaldmiðill	Grein 1 gildir um skuldabréfin Útgáfudagur skuldabréfanna: 19. nóvember 2020 Útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna: ISK Nafnverð útgáfu: 2.365.000.000 Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð): á ekki við Áður útgefið skuldabréf í flokki: 71.693.252.565 Heildarheimild til útgáfu: 90.000.000.000 Nafnverðseiningar: 1 ISIN númer: IS0000020691
Grein 2 Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag	Grein 2 gildir um skuldabréfin Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Grein 3 Endurgreiðsla höfuðstóls	Jafnar greiðslur og gildir grein 3.3 um útreikning höfuðstóls Fyrsta greiðsla afborgana: 15. apríl 2012 Heildarfjöldi afborgana: 45 Tíðni afborgana: Tvisvar á ári Lokagjald dagi: 15. apríl 2034
Grein 4 Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda	Útgefanda er óheimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.2 um skuldabréfin
Grein 5 Vextir	Fastir ársvextir: 3,75% og gildir grein 5.1 um skuldabréfin Fyrsta vaxtagreiðsla: 15. apríl 2012 Fyrsti vaxtadagur: 15. október 2011 Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: 45 Tíðni vaxtagreiðslna: Tvisvar á ári
Grein 6 Verðtrygging	Skuldabréfin eru verðtryggð og gildir grein 6.1 um þau Verðtryggingarvísitala: Vísitala neysluverðs (VNV) til verðtryggingar, dagvísitala. Grunnvísitölugildi: 387,1 þann 1. apríl 2012

Grein 7 Dagaregla	Dagaregla: 30E/360
Grein 8 Ávöxtun á söludegi og útreikningur	Ávöxtunarkrafa þann 18. nóvember 2020 var 1,22% og sölugengi 103,788976. Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
Grein 9 Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð 3.365.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 20. nóvember 2020.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 20. nóvember 2020. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 3.866.506. Að auki greiðir Lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 62.500 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Íslandi en ekki í öðrum löndum.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 2.454.609.282. Að frádræginginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar 2.450.742.776.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 19. nóvember 2020:



sem hefur til þess fullt umboð

Hluti II: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

1 INNGANGUR OG VARNADARORÐ

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlýsingu dagsettri 30. júlí 2020 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 19. nóvember 2020, útgefnum af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. („útgefandi“ eða „Lánasjóðurinn“), sem varða tiltekin skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga. Auðkenni verðbréfanna er LSS150434 og er ISIN-númer þeirra IS0000020691. Útgefandi er Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kennitala er 580407-1100. Tölvupóstfang er lanasjodur@lanasjodur.is og símanúmer +354 515 4900. LEI auðkenni útgefanda er 2138002IF266ITSZ8939. Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögbæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið).

2 LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

2.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lög- og viðskiptaheiti útgefanda er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Slóð á vefsíðu félagsins er www.lanasjodur.is en efni vefsíðunnar er ekki hluti af grunnlýsingu þessari. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Allt hlutafé í útgefanda er eigu íslenskra sveitarfélaga enda kveða samþykktir útgefanda á um að hlutir í félaginu geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánasjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluti í félaginu má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins er Óttar Guðjónsson.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann 12. júní 2020.

PricewaterhouseCoopers ehf. (PWC) er endurskoðunarfélag Lánasjóðsins. Á aðalfundi sjóðsins þann 12. júní 2020 var samningur við PWC framlengdur um 2 ár. Fyrir hönd PWC er Arna G. Tryggvadóttir, sem er aðili að Félagi löggiltra endurskoðenda og hefur Arna endurskoðað uppgjör Lánasjóðsins síðan ráðningartími PWC hófst árið 2015.

2.2 Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Eftirfarandi er yfirlit yfir lykilmáttahlagsupplýsingar útgefanda úr ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2018 og 2019 en einnig úr árs hlutareikningum 30. júní 2020 (1H 2020) og 30. júní 2019 (1H 2019). Þeir ársreikningar og árs hlutareikningar sem upplýsingarnar ná til hafa verið áritaðir án fyrirvara af PricewaterhouseCoopers ehf. sem er óháður endurskoðandi útgefanda.

Tölur eru í milljónum króna:

Tafla 1 – Rekstrarreikningur

	2019	2018	1H 2020	1H 2019
Hreinar vaxtatekjur	982	1.013	429	545
Aðrar rekstrartekjur	27	41	158	40
Hrein þóknun og umboðstekjur				
Hreint virðisrýrnunartap á fjáreignum				
Hreinar tekjur af viðskiptum				
Hreinar rekstrartekjur	1.008	1.054	587	584
Hagnaður	795	857	478	480

Tafla 2 - Efnahagsreikningur

	2019	2018	1H 2020	1H 2019
Heildareignir	117.040	105.408	130.471	114.768
Verðbréfaútgáfa	95.275	84.536	107.845	93.719
Víkjandi skuldir				
Langtímalán til sveitarfélaga	110.203	99.051	122.116	108.067
Innistæður frá viðskiptavinum				
Eigið fé alls	18.278	17.912	18.756	17.964

2.3 Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Útlánaáhhætta er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veði í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

Mótaðila- og gengisáhhætta er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

Vaxtaáhhætta: stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

Verðbólguáhhættu er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

Gjaldeyrissáhhætta: stefna Lánasjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Lausafjár- og fjármögnunaráhhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Rekstraráhhætta: stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldsþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

Starfsmannaáhhætta Lánasjóðurinn er í dag með þrjú fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

Lagaleg áhhætta Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veði í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

3 LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

3.1 Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni skuldabréfanna er LSS150434 og er ISIN-númer þeirra IS0000020691. Um er að ræða verðtryggð jafngreiðsluskuldabréf bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi, birt af Hagstofu Íslands.

Gefin eru nú út skuldabréf að nafnverði 2.365.000.000 en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að fjárhæð 71.693.252.565 kr. í sama flokki. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 90.000.000.000. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 45 jöfnum greiðslum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalds. Gjald dagar afborgana og vaxta eru 15. apríl og 15. október hvert ár. Af höfuðstól skuldarinnar greiðast 3,75% fastir ársvextir. Útgefanda er óheimilt einhliða að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna.

Höfuðstóll er bundinn vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölugildið 387,1 þann 1. apríl 2012.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamiðstöð“).

Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum. Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna.

Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

3.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

3.3 Eru verðbréfin með ábyrgð?

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

3.4 Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almennt áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum: kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar og tilheyrandi viðauka af kostgæfni. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað.

Útlánaáhætta er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

Mótaðila- og gengisáhætta er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

Vaxtaáhætta: stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

Verðbólguáhætta er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

Gjaldeyrissáhætta: stefna Lánasjóðsins er að gjaldeyrissjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Rekstraráhætta: stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánessamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldsþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

Starfsmannaáhætta Lánasjóðurinn er í dag með þrjú fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárfstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

Lagaleg áhætta Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

4 LYKILUPPLÝSINGAR UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI

4.1 Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Á ekki við.

4.2 Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

4.3 Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að stækka skuldabréfaflokkinn LSS150434 með útgáfu nýrra skuldabréfa í flokkinum og óskað verður eftir því að hin nýju bréfverði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nettófjárhæð útboðsins verður notuð til lánveitinga til íslenskra sveitarfélaga. Áætluð nettófjárhæð útgáfunnar er 2.450.742.776. Að undanskildum kostnaði greiddum til viðskiptavaka Lánasjóðsins er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.